

# Fundargerð 87. fundar

## stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2025, mánudaginn 8. desember kl. 12:30 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson og Björg Ágústsdóttir.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur.

Björg Ágústsdóttir, ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundur með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra - 2509014SK**

Til umræðu var fundur með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra er fór fram fyrir sama dag.

*Stjórn þakkar fyrir góðan og upplýsandi fund með ráðherra þar sem farið var yfir málefni sveitarfélaga á köldum svæðum og væntanlegt lagafrumvarp um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku sem mun vera lagt fram á vörpingi.*

**2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og raforkulögum, 229. mál - óskað umsagnar - 2511001SK**

Lögð fram til kynningar umsögn SSKS.

**3. Önnur mál - 2509013SK**

Stjórn SSKS stefnir að því að halda opinn fund fyrir aðildarsveitarfélög þar sem til umfjöllunar verður jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku og önnur hagsmunamál sveitarfélaga á köldum svæðum.

*Formanni og starfsmanni samtakanna falið að vinna drög að dagskrá fundarins sem verður til umfjöllunar m.a. á næsta fundi stjórnar.*

Fundi var slitið kl. 13:30